SAMÞYKKT AF BYGGINGARFULLTRÚA

02 MAÍ 2000

BYGGINGARFULLTRÚINN Í VESTMANNAEYJUM





Skýringar:

Skipting húss í brunasamsteður.
Brunasamsteður eru sex, ein í kjallara og fimm á hæðinni :
00,01 Kjallari. 01.01 Vesturálma, 01,02 Miðálma, 01,03 Austurálma. 01.04 Norðurálma og 01,05 Matsalur

Rýmingarleiðir:
Í brunasamsteðuhólfi 00,01 kjallara eru rýmingaleiðir úr 001 miðstöðvarherbergi um útihurð. Önnur herbergi opnast út á gang 005 sem á er útihurð og hurð inn í stigahús upp á hæðina.
Í brunasamsteðum á 1. hæð eru herbergin opin út á ganga með B30 hurðum og þá er opnanlegur 600mm breiður opnanlegur gluggi á hverju herbergi. Frá gangi er hurðir út í vestur og austur ennfremur um sólhús og aðalinngang. Öll hebergi í norðurálmu hafa björgunarop út um 600mm glugga. Frá 01,05 matsal eru neyðarútgangar um útidyrahurð í suður og úr eldhúsi í vestur.

Útveggir
Útveggir eru byggðir upp úr timburgluggaeiningum sem framleiddar voru í Danmörku og eru 3600mm á lengd og 2750mm á hæð í langveggjum og í göflum eru gluggalausar timbureiningar.

Burðarvirki
Kjallaraútveggir, plata yfir kjallara og milliveggir eru úr járnbentri steinsteypu.
Burðavirki eldra hússins er líntréssúlur c/c 3600mm og líntrésbitar c/c 84000mm sem að mestu eru kleddir inn í gifsveggi eða upp í þaki sem er einangrað frá með steinullareinangrun.
Burðarvirki matsalar og eldhúss eru steinsteyptir veggir og járnbentar steinsteypuplötur, og líntréssperrur í þaki matsalar.
Útveggir matsalar og eldhúss 01,05 eru járnbentir steinsteypuveggir, inn spenntir í sökkla og þá er húsið að auki stífað á milli tveggja steinsteyptra platna.

Slökkvibúnaður
Í húsinu eru 7 stykki 25 metra langar brunaslöngur, staðsettar eins og teikning sýnir.

Klæðningar
Að utan eru einingarnar kleddar með Eteriti og/ eða vatnsheldum birkikrossvið, einangraðar með 100mm steinull, álpappír og kleddar að innan eins og allir milliveggir með gifsplötum.
Milliveggir eru af mismunandi gerð, en í öllum þeirra eru stáluppistöður og kleddir gifsplötum, klæðning í flokki 1, sumir óeinangraðir, aðrir einangraðir og enn aðrir með tvöföldum 13 mm gifsplötum.
Loft eru einangruð með 50mm steinull með álíndri álfolíu og 75mm steinull þar ofan á, kleddar að neðan með tvöföldum 13 mm gifsplötum eða 25mm glerullarplötum í niðurhengdu lofti, klæðningar í flokki 1.
Þakkantar og gaflar eru úr bandsöguðum timburpanil en þakið er klett tjörupappa.
Öll gólf voru teppalögð en verða að endurbyggingu lokinni lögð línolíumdúk og vinyldúk í "blautum" herbergjum.

Endurbætur á eldra húsi
Allar endurbætur sem gerðar hafa verið á eldra húsnæði, hafa fylgt því verklagi sem húsið var byggt eftir.
Allar klæðningar eru í flokki 1. Allir milliveggir eru byggðir upp með stálstoðum og leiðurum, einangraðir með steinull og kleddir með tveim, lögum af 13mm gipsplötum þar sem það átti við , annars einu lagi.
Loft í herbergjum eru kledd með tveim lögum af 13mm gifsi en á göngum eru niðurfelld kerfisloft með hljóðdreifiplötum úr harðpressaðri steinull.
Þar sem líntréburðarsúlur voru færðar til eru þær settar inn í veggi sem kleddir eru með gifsplötum og stálbitar í lofti eru einangraðir með steinull.

Viðbygging við eldra húsið
Við húsið var byggt einna hæðar steinsteypt viðbygging þar sem nú er eldhús og matsalur. Viðbyggingin er einangruð að utan með steinull kledd Trespa-plötum af F-gerð. Þak matsalar er borið uppi af steinsteyptum veggjum, líntrésbitum og þakásum á milli þeirra. Þakið er þéttklett að ofan með borðaklæðingu, pappa og álbáruplötum. Þakið er einangrað með 200mm steinullareinangrun þolplast að neðan en vindpappi að ofan. Þá eru loft matsalar kledd panil og í þakinu eru 2 þakgluggar.

Hitun hússins.
Þegar húsið var byggt var settur upp ketill í sérstöku brunahólfi, ketilherbergi, í kjallara hússins. Hitaveita var lögð í húsið á árunum 1980-1981.

Loftræsting.
Innblásturskerfi eldra hússins er í sérstök lofrestiherbergi (herb nr.110) og þaðan er innblástursloft leitt um brunalögur í brunaeinangraða stokka yfir í hvert brunahólf en útsog fer fram um fjóra þakblásara, hver frá sínu hver frá sínu brunahólfi
Í viðbyggingu eru tvö loftrestiherbergi ofan á milliloftum úr járnbentri steinsteypu yfir eldhúsi og minni sal eru loftrestisamsteður viðbyggingarinnar.

Lyfta
Milli kjallara og hæðar er vörulyfta í steinsteyptum stokk.

Brunaviðvörunarkerfi
Skipt verður um sjálfvirkt brunaviðvörunarkerfi í húsinu, eldra kerfi verður tekið niður en lagnir sem standast reglugerðir verða notaðar áfram.
Setja skal upp uppdrætti sem sýnir útgönguleiðir í öll íveruherbergi ásamt upplýsingum um viðbrögð við eldsvoða
Setja skal upp handslökkvitæki í samráði við slökkviliðsstjóra

Stjórnstöð skal vera amk. þriggja rása fyrir hliðrænt kerfi með vistföngum
Neyðarlýsing og út-merkingar verða settar upp samkvæmt reglum þar um og fram kemur á teikningum

Reykhreinsun
Í brunasamsteðu 00,01 í kjallara er hægt að opna glugga uppi undir loft út úr herbergi 004 og gangi 005 um útihurð.
Á efri hæð er reyklosun um útihurðir og glugga. Í viðbyggingu, í matsal eru þakgluggar sem slökkviliðið getur notað til reyklosunar.

VEGGIR A-REIM120

VEGGIR A-EI60

SJÁ AÐRAR SKÝRINGAR Á TEIKN NR. 502

Brunamálastofnun ríkisins

12 apríl 2000

Sbr. bréf 12. apríl 2000
Baldur Friðriksson

breyting A:MERKINGAR UPPFÆRÐAR B:SKÝRINGATEXTI BREYTT			
breyting A14.02.00	breyting C	verkheiti HRAUNBÚÐIR VESTMANNAEYJUM	PÁLL ZÓPHÓNÍASSON TEIKNISTOFA / RÁÐGJAFAVERKFRÆÐIÞJÓNUSTA F.R.V. / KIRKJUVEGI 23 900 VESTMANNAEYJUM. / SÍMI 98-12711, 12239 TELEFAX 98-13076
breyting B30.03.00	breyting D	verkefni ENDURSKIPULAGNING GRUNNMYND YFIRLITSMYND NEYÐARÚTG	verk nr.9712 / dags. JÚNÍ 98
mælikv. 1:200 / teikn. EA	hannað BB		teikn. nr.500B / breyting